

Sp.

248. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um tillögur og umsóknir um ríkisframlög til flóabáta og vöruflutninga. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur komið á fund nefndarinnar og veitt ýmsar upplýsingar. Hefur hann athugað rekstur og áætlanir flóabátanna á svipaðan hátt og undanfarin ár. Ársreikningar bátanna sýna, að rekstur þeirra gengur yfirleitt erfiðlega. Útgerðarkostnaður þeirra fer vaxandi við erfið skilyrði. S. l. vetur var óvenju snjóþungur. Segir það fljótt til sín í auknum útgjöldum og lakari rekstri. En þjónusta flóabátanna er mikilvæg og má ekki niður falla.

Allmargar umsóknir hafa borist til nefndarinnar, þar sem sótt er um fjárframlög til vetrarflutninga í snjóþungum byggðum. Nokkrir nýir aðilar hafa bæst í hópinn. Viða háttar svo til, að háir fjallvegir um heiðar og brattlendi eru einu landleiðirnar, sem um er að ræða milli afskekktara byggða og akvegakerfis landsins. Eftir slíkum leiðum er ekki farandi nema á traustum ökutækjum. Úthaldskostnaður þeirra er mikill. Ferðum er haldið uppi í hvaða veðri og færð sem er,

þegar aðkallandi vanda ber að höndum, svo sem slys eða veikindi. Þetta eru því hin mikilvægustu þjónustu- og öryggistæki í viðkomandi byggð.

Sannleikurinn er sá, að hin ýmsu farartæki á sjó og landi, sem keypt eru og notuð í framangreindu augnamiði, til bættrar þjónustu og aukins öryggis í hinum dreifðu byggðum landsins, berjast yfirleitt í bökkum fjárhagslega. Sum eiga við svo mikla erfiðleika að etja, að þau eru að þrotum komin. Nefndin hefur reynt að hlaupa undir bagga, þar sem brýnast er að hennar dómi. Æskilegt hefði verið að geta látið hærri fjárveitingar af hendi rakna í þessu skyni. Eins og nú horfir verður þó að sýna sérstakt aðhald og varfærni í meðferð ríkisfjár. Mun því mörgum umsækjanda þykja smátt skammtað af hálfu nefndarinnar að þessu sinni.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur uppi ferðum frá Akureyri til Eyjafjarðarhafna og Grímseyjar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Hann flytur mjólk til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og fer reglubundnar ferðir til Hríseyjar og Grímseyjar. Hann virðist hafa haft næg verkefni að undanfögnu. Skilmerkileg greinargerð hefur borist um starfsemi hans, svo og ársreikningar og áætlanir, svo sem vera ber. Lagt er til, að framlag til bátsins hækki um 1 millj. kr. — Lagt er til, að Hríseyjarbátur, sem fer milli Dalvíkur og Hríseyjar, fái nokkru hærri rekstrarstyrk en verið hefur, og auk þess stofnstyrk, jafnháan og á þessu ári. — Grímseyjarflug hlýtur styrk að fjárhæð 500 000 kr. — svo sem verið hefur. Veittur er styrkur til nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

Austfjarðasamgöngur.

Nefndin leggur til, að Mjóafjarðarbátur fái nokkra hækkun, en það er eini báturinn, sem sækir um flóabátastyrk frá Austfjörðum. Á hinn bóginn eru allmargar snjóbifreiðar, sem annast vetrarferðir og flutninga eystra og veita gagnlega þjónustu. Þeim er yfirleitt veittur svipaður styrkur og verið hefur. Þó hefur sérstök áhersla verið lögð á að styrkja þá aðila, sem halda uppi ferðum um Fjarðarheiði, þar sem þeir hafa sýnt fram á mikinn hallarekstur, sem þeir telja sig ekki fá risið undir öllu lengur. Styrkur til þeirra var hækkaður verulega, enda talið, að Fjarðarheiði sé með allra erfiðustu fjallvegum landsins, en þó fjölfarin.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggða í Vestur-Skaftafellssýslu eru styrktir á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum á hinni fjölförnu leið milli Akraness og Reykjavíkur. Hún er rekin af hf. Skallagrími. Frá því að hafnaraðstaða á Akranesi og í Reykjavík var bætt fyrir ferjuskipið, svo að hægt er að aka bifreiðum beint að og frá borði, hefur notagildi skipsins stóraukist. Verkefni þess voru oft mikil á því ári, sem nú er að líða. Stundum var ekki hægt að anna flutningsþörfinni, því að ýmsir kjósa heldur að láta flytja bifreið sína á skammri stundu milli Reykjavíkur og Akraness en að aka fyrir Hvalfjörð. Ekki er þó enn séð, hvornig rekstur þessi kemur út á ársgrundvelli. Leggur nefndin því til, að styrkur til hf. Skallagríms verði óbreyttur að sinni.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur á heimili og varnarþing í Stykkishólmi. Hann annast ferðir og flutninga á Breiðafjarðarhafnir. Fastar áætlunarferðir eru frá Stykkishólmi um

Flatey á Breiðafirði til Brjánslækjar á Barðaströnd. Farið er um Vestur-eyjar, Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Þá heldur báturinn uppi ferðum til Reykjavíkur að staðaldri. Hagur bátsins er þröngur. Nefndin mælir með hækkaðri styrkveitingu til bátsins og leggur jafnframt til, að ráðstafanir verði gerðar til að greiða götu hans, svo að rekstri hans verði borgið í framtíðinni.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes annast ferðir um Ísafjarðardjúp og til kauptúna og kaupstaða í Ísafjarðarsýslum. Hann annast mjólkurflutninga á sínu farsvæði, m. a. úr Dýrafirði. Rekstur bátsins gengur mjög erfiðlega. Lagt er til, að styrkur til hans verði hækkaður, en auk þess gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til að bæta hag hans og rekstrargrundvöll. — Nokkrir styrkir eru veittir til snjóþjófleiða og vetrarflutninga á Vestfjörðum.

Almenn ályktun.

Samvinnunefnd samgöngumála ítrekar ályktun sína frá fyrra ári um skjótari og nánari skilagrein frá umsækjendum til nefndarinnar. Telja nefndarmenn æskilegt og nauðsynlegt að láta kanna rekstur hinna ýmsu báta og farartækja nánar en nú var unnt að gera. Svofelld tillaga var samþykkt samhljóða:

„Samvinnunefnd samgöngumála ályktar að fara þess á leit við Framkvæmdastofnun ríkisins, að hún láti áætlanadeild sína athuga og gagnrýna reikninga flóabátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað. Enn fremur verði gerður samanburður á fargjöldum og farmgjöldum. Telur nefndin, að óviðunandi sé að taka ákvarðanir um svo háar fjárveitingar oftár án þess að glögglega sé gengið úr skugga um það, að þessu fé sé skynsamlega varið og að fjárveitingar séu bráðnauðsynlegar vegna viðkomandi byggðarlaga.“

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við ráðuneytið, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Einn eða fleiri nefndarmanna munu væntanlega undirrita þetta nefndarálit með fyrirvara, þar sem erfitt er að samræma skoðanir manna til fulls í þessum efnunum. En heildartillaga nefndarinnar með hliðsjón af framansögðu er sú, að fjárveiting til flóabáta, snjóþjófleiða, fólks- og vöruflutninga á árinu 1976 verði 82 830 000 kr. og skiptist sú fjárhæð eins og fram kemur á þskj. 265.

Alþingi, 18. des. 1975.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Jón Helgason, form Ed.-nefndar.	
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., Nd.-nefndar.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	
Sverrir Hermannsson,	Jón G. Sólmes.	Stefán Jónsson.
Stefán Valgeirsson.	Bragi Sigurjónsson.	Steinþór Gestsson.
Garðar Sigurðsson.	Páll Pétursson.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.